

Skýrsla persónuverndarfulltrúa Garðabæjar

Tímabilið 1. sept. 2018 til 31. ágúst 2019

Telma Halldórdóttir, persónuverndarfulltrúi og lögmaður.



Efnisyfirlit:

Inngangur	2
1. Hlutverk persónuverndarfulltrúa.....	2
2. Aðferðarfræði - Nefnd um innleiðingu á nýjum pvl.	3
3. Fræðslu og kynningarfundir um Persónuvernd	3
4. Vinnsluskrár og vinna á grundvelli þeirra	3
5. Vinnslusamningar	4
6. Reglur sem styðja við Persónuvernd	5
7. Sérstök innleiðing í grunnskólum og leikskólum	6
8. Mál sem vakin er athygli á eða tekin voru sérstaklega fyrir	6
9. Aðgangs- og upplýsingabeiðnir	7
10. Öryggisbrestir og frávik	7
11. Áherslur næsta árs	7



Inngangur

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir nefnd “persónuverndarlög” eða “lögin”) voru samþykkt á Alþingi 13. júní 2018 og tóku gildi rúmlega mánuði síðar eða 15. júlí 2018. Lögin leystu af hólmi eldri lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögfestu jafnframt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (hér eftir nefnd persónuverndarreglugerðin).

Gilda lögin um sérhverja meðferð persónuupplýsinga í starfsemi Garðabæjar og gilda því við meðferð starfsmanna, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna á persónuupplýsingum eins og þær eru skilgreindar í lögunum.

Í lögunum er að finna ýmis nýmæli og eru ríkar skyldur lagðar á hendur þeirra sem vinna með persónuupplýsingar. Eitt af nýmælum laganna er að Persónuvernd hefur nú heimild til álagningar hárra sekta brjóti félög eða opinberir aðilar gegn lögunum.

Verður í skýrslu þessari farð yfir helstu störf persónuverndarfulltrúa á síðasta ári til að gefa yfirlit yfir stöðu mála hjá Garðabæ.

1. Hlutverk persónuverndarfulltrúa

Í lögunum er að finna þau nýmæli að opinberum aðilum, eins og sveitarfélögunum er skylt að skipa persónuverndarfulltrúa.

Um hlutverk hans er ítarlega fjallað í lögunum og reglugerðinni. Þarf persónuverndarfulltrúi að vera sjálfstæður, sérfræðingur í persónuverndarlöggjöfnni, hafa fullnægjandi aðstöðu og mannafla og hafa beinan aðgang að æðstu yfirstjórn. Þá er hlutverk hans einnig að veita ráðgjöf um persónuvernd og eiga samstarf við Persónuvernd og vera fulltrúi fyrirtækisins eða stofnunarinnar gagnvart Persónuvernd. Þá er persónuverndarfulltrúi fulltrúi gagnvart íbúum sem óska eftir að nýta rétt sinn, m.a. með kröfu um aðgang að gögnum.

Ber að tryggja að persónuverndarfulltrúinn komi með viðeigandi hætti og tímanlega að öllum málum er tengjast vernd persónuupplýsinga. Honum skal m.a. boðið að funda með yfirstjórn reglulega, vera viðstaddur þegar ákvarðanir um aðgerðir vegna vinnslu persónuupplýsinga eru teknar og gefa þarf honum möguleika á að gefa viðeigandi ráð. Ef ekki er farið að ráðum persónuverndarfulltrúans þarf að skrásetja það sérstaklega.

Samkvæmt gátlista Persónuverndar eru verkefni persónuverndarfulltrúa eftirfarandi:

- Persónuverndarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að farið sé að persónuverndarlöggjöfnni, innri stefnum um persónuvernd og stuðla að vitundarvakningu, sinna fræðslu og framkvæma úttektir.



- Taka skal mið af ráðleggingum persónuverndarfulltrúans og þeim upplýsingum sem hann veitir varðandi persónuverndarlöggjöfina.
- Persónuverndarfulltrúinn á ekki að taka ákvarðanir um vinnslu persónuupplýsinga heldur veita ráðgjöf og sinna eftirliti.
- Þegar MÁP (mat á áhrifum á persónuvernd) fer fram þá skal leita ráða hjá persónuverndarfulltrúanum sem hefur jafnframt eftirlit með ferlinu.
- Persónuverndarfulltrúi sinnir samskiptum við Persónuvernd. Hann vinnur með Persónuvernd, t.d. vegna beiðni um fyrirfram samráð, og getur ávallt leitað til Persónuverndar til að fá ráðgjöf.
- Við framkvæmd verkefna sinna tekur persónuverndarfulltrúinn viðeigandi tillit til þeirrar áhættu sem getur falist í vinnslunni og tekur mið af umfangi, samhengi og tilgangi hennar.
- Einstaklingar, starfsmenn og Persónuvernd skulu eiga auðvelt með að hafa samband við persónuverndarfulltrúann og skulu upplýsingar um hann birtast á vef Garðabæjar.

Þar sem innleiðing var mjög stutt á veg komin hjá Garðabæ við upphaf tímabils hefur stór hluti vinnu persónuverndarfulltrúa falist í að innleiða nýju löggjöfina en ekki eingöngu að sinna þeim verkefnum sem persónuverndarfulltrúa er falið í lögunum.

2. Aðferðarfræði - Nefnd um innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum

Í samráði við Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritara, var ákveðið að skipa nefnd um innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum. Var þetta einkum gert til þess að tryggja að innleiðingu laganna á breiðum grundvelli í starfsemi Garðabæjar. Í nefndina voru skipuð bæjarritari, persónuverndarfulltrúi, Vala Dröfn Hauksdóttir, yfirmaður tölvumála og Eva Ósk Ármannsdóttir, skjalastjóri. Fundaði nefndin upphaflega einu sinni viku, en hittist nú á tveggja vikna fresti. Hefur nefndin haldið 18 fundi á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Ein af fyrstu ákvörðunum nefndarinnar var að setja fræðslu í forgang þar sem lögín höfðu þegar tekið gildi. Þá var ákveðið að leggja áherslu á innleiðingu á þeim sviðum bæjarins þar sem mest væri af persónuupplýsingum og var ákveðið að setja vinnu við grunnskóla og leikskóla í forgrunninn ásamt fjölskyldusviði.

3. Fræðslu og kynningarfundir um Persónuvernd

Á haustmánuðum 2018 voru haldnir um 30 kynningarfundir með starfsmönnum og kjörnum fulltrúum. Haldnir voru tíu fundir með starfsmönnum grunnskólunum í Garðabæ og sex fundir með starfsmönnum leikskóla. Þá var haldinn fundur með bæjarráði, starfsmönnum bæjarskrifstofu, bókasafni, tónlistarskóla og ýmsum deildum, nefndum og ráðum.

Auk fræðslufunda var tekið upp á því að senda reglulega fræðslu til starfsmanna bæjarskrifstofa og forstöðumanna til að kynna áhugaverðar niðurstöður frá Persónuvernd, fræðslumyndbönd frá Awarego um öryggismál og persónuvernd. Auk þess hafa reglulegir póstar verið sendir á ákveðna stjórnendur eins og skólastjóra og leikskólustjóra þar sem upplýst er um nýjar ákvarðanir og breytta framkvæmd sem áhrif hefur á starf þeirra og þá starfsemi sem þeir stjórna.



4. Vinnsluskrár og vinna á grundvelli þeirra

Samkvæmt 26. gr. persónuverndarlaga ber Garðabæ að halda skrá yfir vinnslustarfsemi sína. Í slíkri skrá skal m.a. koma fram, um hvaða vinnslu er að ræða (t.d. ráðning starfsmann eða skráning barns í skóla) hver er tilgangur vinnslunnar, hver er ábyrgðaraðili, hvaða upplýsingum er safnað, hvaðan, hver er heimild fyrir vinnslu, hvar gögn eru geymd og til hvaða verndarráðstafana er gripið. Er vinnsluskrá því í raun kortlagning/skrá yfir alla vinnslu sveitarfélagsins með persónuupplýsingar og er því vinna við gerð slíkra skráa verulega umfangsmikil.

Vinna við gerð vinnsluskráa hófst á haustmánuðum 2018 og stendur enn yfir. Lokið hefur verið við gerð vinnsluskráa hjá öllum leik- og grunnskólum Garðabæjar, Ísafold, bókasafni, mannauðs- og kjarasviði og eru vinnsluskrár langt komnar á tækni- og umhverfissviði og á fjölskyldusviði. Var ákveðið að vinna mjög ítarlegar vinnsluskrár á fjölskyldusviði og hjá grunn- og leikskólum vegna þeirra gríðarmiklu og viðkvæmu persónuupplýsingar sem þar er að finna. Voru samhliða þeirri vinnu unnar tillögur að úrbótum.

Við gerð vinnsluskráa var komið auga á ýmsar úrbætur sem ákjósanlegt er að ráðast í bæði á grundvelli öryggis- og persónuverndarsjónarmiða en einn tilgangur þessara vinnu var einmitt að koma auga á nauðsynlegar breytingar í starfi. Hefur þegar verið gripið til nauðsynlegra breytinga á ýmsum ferlum vegna þessa. Hjá leik- og grunnskólum hafa m.a. verið gerðar breytingar á sendingu á skjölum með nemendum og um nemendur. Þá var farið yfir hvernig gögn eru vistuð með áherslu á atriði eins og læsta skjalaskápa og hvernig upplýsingaforrit eru notuð. Einnig hafa dvalarsamningar leikskólabarna verið endurskoðaðir.

Við gerð vinnsluskrár á fjölskyldusviði kom fram rík þörf á að uppfæra flest skjöl og form sem unnið er með, einkum vegna nýlegrar endurskoðunar á lögum er varða sviðið m.a. ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 39/3018. Á grundvelli þessarar vinnu hefur m.a. verið endurskoðað form fyrir akstursþjónustu, umsókn um NPA o.fl. Settar hafa verið reglur um afhendingu gagna á fjölskyldusviði og útbúið var fræðsluefni til einstaklinga vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá Garðabæ.

Aðrar breytingar sem nefna má er að samþykkisform voru tekin upp þar sem nauðsynlegt var að afla samþykkis, m.a. vegna myndatakna í grunn- og leikskólum og hjá starfsmönnum, en þau form voru svo endurskoðuð í ljósi reynslu og færð inn í minn Garðabæ. Þá voru endurskoðuð öll fimm eyðublöð er varða öflun sakarvottorðs hjá umsækjendum í störf hjá Garðabæ.

Næstu skref eru að gera vinnsluskrá fyrir fjármála- og stjórnsýslusvið og öll svið sem þar falla undir (fyrir utan mannauðs- og kjarasvið). Þá verður gerð vinnsluskrá fyrir bæjarstjórn, nefndarvinnu kjörinna fulltrúa og hönnunarsafn. Þá þarf að uppfæra vinnsluskrár fyrir grunnskóla að því er varðar tómtundastarf og gera vinnsluskrár fyrir félagsmiðstöðvar.

5. Vinnslusamningar

Vinnslusamningur er sérstakur samningur um vinnslu persónuupplýsinga. Aðilar að samningnum eru annars vegar ábyrgðaraðili, þ.e. sá sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga, og hins vegar vinnsluaðili, sem tekur að sér að vinna upplýsingarnar fyrir hönd ábyrgðaraðila sbr. 3. mgr. 25.



persónuverndarlaga. Garðabær og undirstofnanir eru í langflestum tilvikum ábyrgðaraðilar þar sem þeir ákveða hvaða gögn eru t.d. sett inn í tölvukerfi um aðila sem þiggja þjónustu frá Garðabæ.

Vinnslusamningur þarf að vera skriflegur og hann þarf að uppfylla tiltekin skilyrði samkvæmt persónuverndarlögum. Þannig má Garðabær einungis leita til vinnsluaðila sem veita nægilegar tryggingar fyrir því að þeir geri viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að vinnsla uppfylli kröfur laganna. Þarf því að framkvæma forkönnun áður en gengið er til samninga við vinnsluaðila. Hefur persónuverndarfulltrúi framkvæmd fjölda slíkra kannana í samstarfi við persónuverndarfulltrúa annarra sveitarfélaga.

Þessi vinna hefur verið afar tímafrek en þó hefur náðst að semja við flesta stóru vinnsluaðila Garðabæjar fyrir utan One System. Þannig hefur verið lokið samningum við:

Nafn vinnsluaðila	Forrit/þjónusta sem Garbær notar frá vinnsluaðila	Forkönnun framkvæmd
Siteimprove	Siteimprove hugbúnaður vegna vefsvæðis	Já, óformleg
VÍS	Atvik - slysaskráningar	Já, óformleg
Advania	Inna, Vefstimplun, vinnustund, Signit, H3 Laun þjónustu og uppfærslusamningur, H3 Laun hýsing, LiSA nytjaleyfis-, uppfærslu-og þjón.samningur, Klukkustund fyrir Vinnustund	Já, skjöluð
Info Mentor	Karellen kerfi fyrir leikskóla	Já, skjöluð
Info Mentor	Mentor fyrir grunnskóla	Já, skjöluð
Skólalámsinn	Skólalámsinum, Skólavoginni og Starfsmannalámsinum	Já, óformleg
Námfús	Námfús	Já, skjöluð
Klettabær	Almenn vinnsla upplýsinga um aðila sem Garðabær vísar til þjónustu.	Já, óformleg
Þekking	Hýsingarþjónusta fyrir kerfi Garðabæjar	Já, óformleg
Wise	Navison bókhaldskerfi	Já, óformleg
Íbúar – samráðslýðræði	Hugmyndavefur og kosningakerfi	Já, óformleg

Viðræður eru í gangi við aðra vinnsluaðila sem eru langt á veg komnir. Ekki hefur þó gengið að gera vinnslusamning við One system þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og er beðið viðbragða frá þeim. Mögulegt er að málið verði tekið upp formlega á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga á bæjarstjóra stigi þar sem kröfur One hafa verið að gera samninga sem fela í sér takmörkun á lögbundinni ábyrgð þeirra.



6. Reglur sem styðja við persónuvernd

Persónuverndarfulltrúi hefur beitt sér fyrir endurskoðun og gerð reglna hjá sveitarfélaginu enda mikilvægt að slíkar reglur styðji við persónuvernd. Þannig voru reglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum endurskoðaðar. Meðal reglna sem samdar hafa verið frá grunni eru reglur Garðabæjar um meðferð trúnaðarupplýsinga, þ.m.t. persónuupplýsinga, reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla og verklagsreglur Garðabæjar við öryggisbresti auk þess sem ýmsir skilmálar hafa verið uppfærðir.

Þá er setning reglna um tölvunotkun í samvinnu við yfirmann tölvudeildar á lokametrinum, en reglurnar byggja á drögum frá yfirmanni tölvudeildar ásamt breytingum sem kynntar hafa verið í ýmsum ákvörðunum og reglum sem settar hafa verið af Persónuvernd síðustu misseri.

7. Sérstök innleiðing í grunnskólum og leikskólum

Í álitum um vinnslu og öryggi persónuupplýsinga í vefkerfinu Mentor - mál nr. 2015/1203 (hér eftir nefnd Mentor málið) komst Persónuvernd að því að notkun á vefkerfisins Mentor bryti alvarlega gegn persónuverndarlögum. Ákvörðunin ásamt ákvæðum nýrra persónuverndarlaga kallaði á umtalsverðar aðgerðir að hálfu sveitarfélaga við innleiðing á persónuverndarreglum í grunnskólum landsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga fékk styrk frá jöfnunarsjóði til að að bregðast við Mentor máli. Var Marínó G. Njálsson, ráðinn til að framkvæma áhættumat með öllum grunnskólum og var því lokið við upphaf tímabils. Verkefnið var svo framlengt til leikskóla og allir leikskólar í Garðabæ hafa nú gengið í gegnum áhættumat. Persónuverndarfulltrúi Garðabæjar sat í framkvæmdanefnd vegna jöfnunarsjóðsverkefnis. Var um mjög umfangsmikila vinnu að ræða þar sem allir grunn- og síðar leikskólar þurftu að skila inn stórum spurningalistum og mati sem síðar var unnið úr. Auk þessa var fræðsla haldin fyrir alla starfsmenn, unnar vinnsluskrár, undirrituð öryggisstefna og útgefin öryggishandbók. Næsta skref þessa risa verkefnisins er að innleiða öryggishandbók frá Marínó G.Njálssyni í starfsemi grunn- og leikskóla. Vakin er athygli á því að umrætt áhættumat skal endurtekið á tveggja ára fresti.

Af þeim fleiri hundruð fyrirspurnum sem borist hafa frá starfsmönnum Garðabæjar vegna persónuverndarmála eru flestar frá grunn- og leikskólum. Kemur fjöldi ekki á óvart m.v. þá miklu vinnu sem hefur verið unnin þar við innleiðingu á lögnum og sýnir fjöldinn metnað starfsmanna leik- og grunnskóla til að standa rétt að innleiðingu.

8. Mál sem vakin er athygli á eða tekin voru sérstaklega fyrir

Trúnaðar og þagnarskylda starfsmanna

Í samvinnu við mannauðs- og kjaradeild var persónuvernd starfsmanna og trúnaðarskyldur þeirra teknar til sérstakrar skoðunar. Voru nýjar trúnaðaryfirlýsingar útbúnar og undirritaðar af öllum starfsmönnum þar sem þeim var jafnframt gert að taka afstöðu til myndatakna. Mikil áhersla var lögð á trúnaðar- og þagnarskyldur starfsmanna í kynningum sem haldnar voru.



Samvinna við Kópavog og Hafnarfjörð um bakvaktir í barnaverndarmálum

Vegna samvinnunar þurfti að finna lausn til að tryggja örugga miðlun gagna á milli sveitarfélaga í þessum viðkvæmu málum. Var nýtt samkomulag undirritað á milli bæjarfélaganna vegna þessa og tekið upp nýtt kerfi One Portal til að tryggja örugga afhendingu gagna. Þá var unnið mat á áhrifum á persónuvernd (svonefnt MÁP) við vinnsluna enda getur hún haft mikla áhættu í för fyrir réttindi einstaklinga og notuð er ný tækni (nýtt forrit við að deila gögnum) sbr. 29. gr. persónuverndarlaga.

Lýðræðisverkefni

Persónuverndarfulltrúi vann náíð með vinnuhóp sem stýrði íbúakönnun/kosningu sem hluta af íbúalýðræðisverkefni til að tryggja að vinnsluaðilar uppfylltu kröfur persónuverndarlaga og nægilegar upplýsingar væru um vinnslu upplýsinganna á heimasíðu verkefnisins.

Könnun meðal starfsfólks Garðabæjar

Þó nokkrar athugasemdir bárust vegna könnunar meðal starfsmanna sem framkvæmd var af dósent við Háskólann á Akureyri. Var málið skoðað af persónuverndarfulltrúa og mannauðsstjóra sem komust að þeirri niðurstöðu að könnunin væri haldin alvarlegum annmörkum. Voru gerðar alvarlegar athugasemdir við rannsakanda af þeim sökum. Þar sem Garðabær hafði ekki aðkomu að rannsókninni var ekki gripið til frekari aðgerða en sendar upplýsingar á stjórnendur um hvaða kröfur þurfi að gera til aðila sem framkvæma slíkar kannanir. Þá var skoðuð könnun vegna málþroska hjá leikskóla börnum en sú könnun var talin uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum.

Umsókn til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Persónuverndarfulltrúi vann ásamt deildastjóra tölvudeildar umsókn um styrk til jöfnunarstjóðs varðandi verkefni til að styðja sveitarfélög við gerð áhættumata. Um er að ræða vinnu við að útbúa stöðluð skjöl og ferli varðandi áhættumat þannig að öll sveitarfélög geti unnið saman að og deilt niðurstöðum. Er verkefnið talið brýnt og til þess fallið að draga verulega úr kostnaði við gerð áhættumata hjá sveitarfélögum. Beðið er umfjöllunar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

9. Aðgangs- og upplýsingabeiðnir einstaklinga

Eitt af nýmælum laganna er að einstaklingar eiga rétt á að fá staðfestingu á því frá Garðabæ hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varðar þá og ef svo er, rétt til aðgangs að persónuupplýsingunum og upplýsingum um hvernig unnið er með persónuupplýsingarnar s.s. tilgang vinnslunnar, viðkomandi flokka persónuupplýsinga og hverjir hafa fengið eða munu fá aðgang að persónuupplýsingunum. Hversu lengi upplýsingar eru varðveittar og hvort hægt sé að fara fram á leiðréttingu, eyðingu, takmörkun vinnslu eða andmæla vinnslu.

Á árinu bárust þrjár beiðnir frá einstaklingum um slíkar upplýsingar á grundvelli persónuverndarlaga. Nokkrir tugir beiðna á grundvelli barnaverndarlaga bárust sem skoða þurfti sérstaklega út frá persónuverndarlögum.

Fyrirspurnir frá einstaklingum í síma og tölvupóstum á árinu voru í kringum 30.



10. Öryggisbrestir og frávik

Þrettán öryggisbrestir og frávik voru tekin til rannsóknar af persónuverndarfulltrúa af tímabilinu. Voru sex mál tilkynnt Persónuvernd og í flestum tilvikum voru sendar inn viðbótartilkynningar þar sem 72 tíma tímafrestur hefur reynst of knappur til að fullkanna mál. Persónuvernd hefur lokið rannsókn á þremur af þessum málum án eftirmála en þrjú eru enn til rannsóknar. Tvö af þeim varða kerfisbresti hjá Info Mentor sem höfðu áhrif á landsvísu en þriðja málið sem enn er til skoðunar varðar skólamyndatöku.

11. Áherslur næsta árs

Það er mat persónuverndarfulltrúa að vel hafi gengið að innleiða persónuverndarlöggjöf hjá Garðabæ. Stefnt er að því að innleiðingu verði lokið fyrir 31. ágúst 2020.

Á forgangslista fyrir vinnu næstu tólf mánuði eru eftirfarandi atriði:

- Setning öryggishandbókar og öryggisstefnu fyrir Garðabæ
- Ljúka við gerð vinnsluskráa
- Ljúka við gerð vinnslusamninga
- Endurskoðun forma hjá fjölskyldusviði
- Fræðsla hjá fjölskyldusviði
- Vinna við að áhættumeta kerfi og öpp
- Innleiðing í grunnskóla á vinnu Marínós G. Njálssonar, einkum vegna öryggishandbókar
- Lokametrar við innleiðingu í leikskóla á vinnu Marínós, einkum vegna öryggishandbókar